



Framkvæmda- fréttir 26. tbl. /08



Samgönguráðherra, Kristján L. Möller, klippir á borða til merkis um að tvöföldun Reykjanesbrautar sé tekin í notkun. Honum á hægri hönd eru Karen Elizabeth Jóhannsdóttir skæravörður og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. Kristjáni á vinstri hönd er Steinþór Jónsson formaður áhugahóps um örugga Reykjanesbraut.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, Hafnarfjörður - Njarðvík

Sunnudaginn 19. október opnaði samgönguráðherra Kristján L. Möller síðasta kaflann í tvöföldun Reykjanesbrautar við Stapahverfi í Reykjanesbæ og vígði þar með tvöfalda Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Njarðvíkur. Að vígslu lokinni var umferð hleypt á þennan síðasta kafla.

Athöfnin fór fram á veginum við mislæg gatnamót við Stapahverfi. Að henni lokinni bauð Vegagerðin og Áhugahópur um örugga Reykjanesbraut í samsæti í Fjölbrotarskóla Suðurnesja.

**Framkvæmdir 2008,
Suðvestursvæði, sjá kort bls. 4-5**

Fyrri hluti tvöföldunar, frá Hvassahrauni á Strandarheiði, hófst í janúar 2003 og lauk í október 2004. Seinni hluti, frá Hvassahrauni að Njarðvík, var boðinn út í september 2005. Eftir að Jarðvélar ehf. sögðu sig frá verkinu var það boðið út að nýju sl. vor. Fyrst var miðað við að umferð yrði hleypt á tvöfalda Reykjanesbraut 16. október en þar sem óvenju langan tíma tók að semja við verktaka (lægstbjóðandi var ekki metinn hæfur) var miðað við að umferð yrði hleypt á tvöfalda braut alla leið 1. nóvember.

Samið var við Ístak hf. um byggingu nýju akbrautarinnar en við Eykt ehf. um smíði brúa. Verkið hefur gengið vel sem sést á því að umferð verður hleypt á báðar akreinar hálfum mánuði á undan áætlun.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 26. tbl. 16. árg. nr. 511 27. okt. 2008

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum
og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni
sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til
verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og
fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar. Ljósmynd: Trausti Bjarnason verkstjóri hjá Ístak.

Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk vel í viku 41. Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar voru sprengdir 67 m. Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar voru sprengdir 51 m. Í viku 42 gekk gröftur hægar. Frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar voru sprengdir 33 m og var lengd ganga þeim megin um 1.366 m mánudaginn 20. október. Hlé var þar á greftri hluta vikunnar vegna vélabilana og einnig var unnið við lokastyrkingar á bergi í göngum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar voru einnig sprengdir 33 m og var lengd ganga þeim megin um 3.918 m í vikulokin. Þar var unnið við bergþéttingar hluta vikunnar. Samtals var búið að sprengja 8.924 m eða 84,4% af heildarlengd og eftir eru því alls 1.646 m.

Bolunarfjörðargöng

Gangagröftur í Bolunarfjörðargöngum gekk nokkuð vel í viku 41. Frá Hnífsdal voru reyndar einungis sprengdir 25 m en hlé var þar á greftri í tæpa þrjá daga. Frá Bolunarfjörð voru sprengdir 60 m. Vel gekk í viku 42. Frá Hnífsdal voru sprengdir 59 m og var lengd þar 164 m í vikulokin. Frá Bolunarfjörð voru sprengdir 48 m þ.m.t. eitt neyðarútskot og var lengd þar 356 m í vikulokin. Samtals var því búið að sprengja 520 m eða 10% af heildarlengd ganganna mánudaginn 20. október.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 20. okt. 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.



Jónas Snæbjörnsson

Jónas Snæbjörnsson
svæðisstjóri
og **Jóhann J. Bergmann**
deildarstjóri nýframkvæmda
Suðvestursvæðis
skrifa:

Reykjanesbraut, breikkun Hafnarfjörður - Njarðvík Helstu staðreyndir um mannvirkið

Breikkun Reykjanesbrautar fellst í að lögð er ný tveggja akreina akbraut meðfram eldri akbraut en bygging hennar hófst árið 1961. Vegurinn var opnaður til almennrar umferðar 26. október 1965, þótt framkvæmdinni hafi ekki að fullu verið lokið. Sú akbraut var úr steinsteypu en sú nýja er með malbiksslitlagi.

Jóhann J. Bergmann

Jafnhliða breikkun voru öll gatnamót á leiðinni gerð mislæg. Mislægu gatnamótin eru svipuð að formi til eða svokölluð tígulgatnamót þar sem hringtorg sitt hvoru megin Reykjanesbrautar tengja saman að- og fráreinar annars vegar og þverveg undir brautina hins vegar. Byggt er ein brú í hvorri akbraut, þ.e. tvær á hverjum gatnamótum.

1. Áfangi. Hvassahraun – Strandarheiði.

Framkvæmdir við þennan fyrsta áfanga hófust 11. janúar 2003 og lauk í október 2004.

Mörk verkframkvæmdar voru annars vegar við mörk Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandahrepps og hins vegar um 3 km austan Vogavegar. Samtals um 12,1 km þar með talinn fléttukafli við báða enda.

Framhald á bls. 6

1. áfangi, helstu magntölur:

Vegagerð:	
Skeringar.....	131.000 m ³
Fyllingar.....	385.000 m ³
Burðarlög.....	134.000 m ³
Malbikaðir fletir.....	125.000 m ²

Steypt mannvirki:	
Mótafletir.....	2.600 m ²
Járnalögn.....	180.000 kg
Steinsteypa.....	1.100 m ³

Áætlaður kostnaður: (Verðlag 2004)

Vegagerð.....	805 m.kr.
Steypt mannvirki.....	127 m.kr.
Landbætur, efni o.fl.....	59 m.kr.
Umhverfismat, hönnun, umsjón, eftirlit o.fl.....	179 m.kr.
Samtals:.....	1.170 m.kr.

Helstu hönnuðir og ráðgjafar:


- Hönnun hf.: Umhverfismat, frumdrög
- Hnit hf. verkfræðistofa: Aðalráðgjafi, veghönnun
- Fjölhönnun ehf. -brúarhönnun, veghönnun
- Rafteikning hf. -lýsing,
- Arkþing -útlit brúa
- Landslag ehf. -landslagsmótun
- Stuðull ehf. -jarðfræðiathuganir
- Vinnustofan Þverá ehf. -umferðartækni, merkingar

Aðalverktakar;


- Háfell ehf. -jarðvinna
- Jarðvélar ehf. -jarðvinna
- Eykt ehf. -brúasmíði

Eftirlit: VSÓ Ráðgjöf/ VSB Verkfræðistofa

Auk þess hafa fjölmargir starfsmenn Vegagerðarinnar komið að þessu verki.



Bolungarvíkurgöng 20. október. Lengd frá Bolungarvík 356 m., frá Hnífsdal 164 m. Samtals 520 m eða 10% af heildarlengd.







Búið er að sprengja 1.366 m í Héðinsfirði og 3.918 m í Ólafsfirði. Samtals 8.924 m sem er 84,4 % af heildarlengd.



Suðvestursvæði

Framkvæmdir

-  Nýbyggingar, bundið slitlag
-  Nýbyggingar, malarslitlag
-  Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðningar
-  Styrkingar eða festun burðarlags
-  Styrkingar á malarvegi
-  Viðhald á malarslitlagi

Vegir

-  Vegir með bundnu slitlagi
-  Vegir með malarslitlagi
-  Mörk svæða

Framkvæmdir 2008

Vegarkafarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

Höfuðborgarsvæðið, yfirlagnir
repave 24.000 m²
malbik 18.000 m²
axlir 13.000 m²

431 Hafravatnsvegur, gatnamót við Krikahverfi
Vegagerðin í samvinnu við Mosfellsbæ (75%/25%)
Útboð í desember 2007
Verktaki: Ásberg ehf.
Verklok: ágúst 2008


40 Hafnarfjarðarvegur, gatnamót við Nýtt
Vegagerðin í samvinnu við Mosfellsbæ (71%
Útboð í ma
Verktaki: Í
Verklok: október

41 Reykjanesbraut mislæg gatnamót við Arnarnesveg
Útboð: nóvember 2007
Verktakar: Suðurverk hf. og Skrauta ehf.
Tilbúið til notkunar: desember 2008, verklok: 2009

41 Reykjanesbraut, mislæg gatnamót við Víflsstaðaveg
Útboð: mars 2007
Verktakar: Glaumur verktakafélag ehf. og Ris ehf.
Tilbúið til notkunar: desember 2008, verklok: 2009

41 Reykjanesbraut
Strandarheiði - Njarðvík
Breikkun Reykjanesbrautar
12,3 km og bygging fernra mislægra
gatnamóta ásamt brú á Skógfellsveg
Verktaki eftir endurútbóð: Ístak hf.
Tilbúið til notkunar: október 2008
Verklok: 2009

45 Garðskagavegur um Ósabatna
Efra burðarlæg og klæðing á 5,2 km
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
Verklok: október 2008





Í framkvæmdinni fólst gerð nýrrar tveggja akreina akbrautar, gerð tvennra mislægra gatnamóta, færsla á Vatnsleysustrandavegi, gerð um 1 km malarveggar í átt að Höskuldavöllum og lagfæring á öryggissvæði með núverandi akbraut.

Útboð fór fram á haustdögum 2002 og var þá boðinn út 8,6 km kafli. Lægsta tilboð áttu Háfell ehf., Jarðvélar ehf. og Eykt ehf. Samningur var undirritaður í byrjun des. 2002 og framkvæmdir hófust 11. janúar 2003. Vegna hagstæðs tilboðs og hagstæðra aðstæðna við efnisvinnslu var ákveðið að semja við verktakann um 3,5 km viðbót við verkið þannig að alls er þessi áfangi 12,1 km.

2. áfangi. Strandarheiði – Njarðvík

Þessi áfangi hefst þar sem fyrsta áfanga sleppir um 3 km austan við vegamót við Voga og nær að Fitjum í Njarðvík, Reykjanesbæ. Alls 12,8 km með fléttusvæði við Fitjar. Í upphaflegu útboði var gert ráð fyrir þrennum mislægum gatnamótum, þ.e. við Vogaveg, Grindavíkurveg og við Njarðvík. Einnig eru tvær brýr yfir Skógfellaveg. Með í útboðinu var endurbygging á Grindavíkurvegi á um 600 m. kafla og lagfæringar á öryggissvæðum með eldri akbraut. Á verk tíma bættust við ein mislæg gatnamót við nýtt hverfi í Reykjanesbæ, Stapahverfi.

Verkið var boðið út í september 2005 og miðað við verklok í júní 2008. Í útboðinu voru ákvæði um um flýtifé til verktaka ef tækist að ljúka verkinu fyrir 1. október 2007. Samið var við lægstbjóðanda, Jarðvélar ehf. og framkvæmdir hófust í janúar 2007. Undirverktaki Jarðvéla við brúarsmíði var Eykt ehf.

Á miðju ári 2007 fór að bera á erfiðleikum hjá Jarðvélum ehf. og fór svo að fyrirtækið sagði sig af verkinu í desember 2007 og fór í gjaldþrot skömmu síðar.

Það sem eftir stóð af framkvæmdinni var boðið út að nýju vorið 2008, þó að undanskyldri brúarsmíði en samið var við fyrri undirverktaka Jarðvéla, Eykt ehf. um að ljúka smíði þeirra tveggja brúa sem eftir var að byggja. Samið var við Ístak hf. um að ljúka verkinu og hófu þeir framkvæmdir í byrjun maí og hafa unnið sleitulaust síðan. Í útboðsgögnum er skilyrt að umferð verði komin á allt mannvirkið um miðjan október 2008 en vegna tafa við gerð verksamnings var sá tími lengdur til 1. nóvember 2008 þannig að verkið er um tveimur vikum á undan áætlun.. Ýmis frágangsvinna utan vega er eftir og einnig tenging við Stapahverfi. Endanleg verklok eru áætluð skv. útboðsgögnum þann 31. maí 2009.

2. áfangi, helstu magntölur:

Vegagerð:

Skeringar.	442.000	m ³
Fyllingar.	383.000	m ³
Burðarlög.	173.000	m ³
Malbikaðir fletir.	180.000	m ²

Steypt mannvirki:

Mótafletir.	6.030	m ²
Járnalögn.	395.000	kg
Steinsteypa.	2.460	m ³

Áætlaður kostnaður:

Vegagerð.	1.800	m.kr.
Steypt mannvirki.	500	m.kr.
Landbætur, efni, umferðarmerkingar o. fl.	120	m.kr.
Umhverfismat, hönnun, umsjón, eftirlit o.fl.	80	m.kr.
Samtals:	2.500	m.kr.

Helstu hönnuðir og ráðgjafar:

Hönnun hf.: Umhverfismat, frumdrög
Hnit hf. verkfræðistofa: Aðalráðgjafi, veghönnun
Fjölhönnun ehf. -brúarhönnun, veghönnun
Rafteikning hf. -lýsing,
Arkþing -útlit brúa
Landslag ehf. -landslagsmótun
Stuðull ehf. -jarðfræðiathuganir
Vinnustofan Þverá ehf. -umferðartækni, merkingar

Aðalverktakar:

Ístak hf. -jarðvinna
Jarðvélar ehf. -jarðvinna
Eykt ehf. -brúasmíði
H.K. Haralds ehf., umferðarmerkingar

Eftirlit: Mannvit, verkfræðistofa

Auk þess hafa fjölmargir starfsmenn Vegagerðarinnar komið að þessu verki.

Reykjanesbraut. Mislæg gatnamót við Stapahverfi.
Ljósmynd: Trausti Bjarnason verkstjóri hjá Ístak.





Reykjanesbraut. Mislæg gatnamót í Njarðvík. Ljósmynd: Trausti Bjarnason verkstjóri hjá Ístak.



Heiðursmenn Vegagerðarinnar við vígslu Reykjanesbrautar voru Jóhann Skúlason (t.v.) og Arnar E. Ragnarsson (t.h.). Á milli þeirra er Karen Elizabeth Jóhannsdóttir skæravörður.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	09
08-011 Kísilvegur (87) á Hólásandi	09
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	09
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	09
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	09
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	09
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	09
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun	09
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	09
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	09
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	09
08-082 Hörgárdalsvegur (815), 2. áfangi Skriða - Björg	09
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	09
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	09
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	09
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	09
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	09
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08

Auglýsingar útboða

Rangárvallavegur (264), Hringvegur – Akurbrekka

08-034
Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð á 7,4 km löngum kafla Rangárvallavegar (264), frá Hringvegi að Akurbrekku.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	21.400 m ³
Neðra burðarlag	27.000 m ³
Efra burðarlag	6.670 m ³
Ræsi	54 m
Tvöföld klæðing	49.040 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. september 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. október 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. nóvember 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-085 Laxárdalsvegur (59)	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfskáli - Krýsuvíkurvegur	08
08-009 Hófaskarðsleið, Rauфарhafnartenging	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka	27.10.08 11.11.08
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
08-084 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur	22.09.08 07.10.08
08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun	28.07.08 02.09.08
Samningum lokið	Opnað: Samið:
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland <i>Sigurjón Hjartarson</i>	22.07.08 13.10.08



Rögnvaldur Gunnarsson
forstöðumaður
framkvæmdaedeildar
Vegagerðarinnar
skrifar:

Útboð á næstunni

Vegagerðin stefnir að því að bjóða út á næstu vikum og mánuðum nokkur stór verk með verk tíma 2-3 ár, og smærri verkefni þar sem meginþungi framkvæmdanna er á árinu 2009. Nákvæmar tímasetningar liggja ekki fyrir á öllum verkum en reynt verður að tilkynna það jafnóðum og þær liggja fyrir.

Fyrst á lista af stóru verkefnum er tenging Norðausturvegar um Vesturárdal til Vopnafjarðar. Um að ræða vegagerð frá Bunguflóa til Vopnafjarðar. Heildarlengd vega er tæplega 39 km með tengingum sem þarf að framkvæma. Útboðið hefur þegar verið auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og gert er ráð fyrir að útboðsgögn verði afhent mánudaginn 3. nóvember. Áætluð verklok eru síðla árs 2011.

Önnur stór verkefni sem reiknað er með að bjóða út á næstu vikum er Vestfjarðavegur úr Kjálkafirði í Vatnsfjörð, sem er um 15 km langur kafla og Hringvegur í Skriðdal sem er um 11 km langur kafla frá Litla Sandfelli að Haugaá, með brúm á Þórisá, Eyrarteigsá og Jóku. Nákvæmar dagsetningar á útboðum þessara verkefna liggja ekki endanlega fyrir, en unnið að lokaundirbúningi þeirra.

Samhliða þessum stóru verkefnum er unnið að því að koma í útboð minni verkefnum og er hið fyrsta þeirra, Rangárvallavegur, Hringvegur-Akurbrekka, auglýst í þessu blaði. Á næstu vikum er gert ráð fyrir útboði á fleiri slíkum verkefnum.

Unnið er að undirbúningi á fleiri verkefnum, stórum og smáum, en nákvæmar dagsetningar útboða liggja ekki fyrir enn sem komið er.